

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjabæ.

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum nr. 761/2005.

#### 2. gr.

Gjald fyrir íbúðir:

Sorphreinsun á íbúð 18.322 kr. á ári.

Sorpeyðingargjald á íbúð 41.388 kr. á ári.

Heiti	Pr./m <sup>3</sup>	Skýring
Óflokkaður blandaður rekstrarúrgangur	22.640 kr.	Óflokkaður úrgangur, t.d. lífrænn úrgangur blandaður rekstrarúrgangi
Blandaður rekstrarúrgangur	15.096 kr.	Almennt sorp, veiðarfæri, spillt endurvinnsluefni
Lífrænn úrgangur	4.311 kr.	Ómengaður lífrænn úrgangur (ekkert plast eða utanaðkomandi, sláturúrgangur er undanskilinn v/beina)
Ólitað timbur	4.311 kr.	Bretti – ómálað timbur
Lítað timbur	7.187 kr.	Gagnvarið, málað, spónlagt o.fl.
Óvirkur úrgangur (urðun)	4.311 kr.	Gler, jarðvegur, steypubrot
Endurvinnsluefni	0 kr.	Pappi, plast, hjólbarðar, málmar, landbúnaðarplast, raftæki
Garðaúrgangur	0 kr.	Gras, trjágreinar, lauf
Annað		Samkvæmt tilboði
Spilliefni		Samkvæmt gjaldskrá móttökustöðva (Efnamóttakan)
Sóttmengaður úrgangur		Samkvæmt tilboði

Heimilt er að innheimta kostnað vegna umframmeðhöndlunar á úrgangi frá úrgangshafa, gjöld vegna þessa skulu ekki vera hærrí en sem nemur raunkostnaði vegna umframmeðhöndlunar.

Undanþegnar magngjaldtöku eru bifreiðar sem bera úrvinnslugjald.

#### 3. gr.

Hægt er að nálgast flokkunarreglur á heimasíðu sveitarfélagsins. Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 28. janúar 2021, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1310/2016 um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjabæ.

*Vestmannaeyjum, 28. janúar 2021.*

**Ólafur Þór Snorrason** framkvæmdastjóri.